

Iðjubálfi í grunnskóla notar heildræna nálgun í starfi sínu með börnum

Vitsmunir

Börn nota vitræna getu til að eiga í **félagslegum samskiptum**, vinna að og ljúka fjölbættum verkefnum, leysa vandamál og margt fl.

Framkvæmdafærni

Börn nota framkvæmdafærni til að finna til áhöld og efni, skipuleggja það sem á að framkvæma, hefja og sinna verkefnum, stjórna tilfinningum og hvötum og margt fl.

Andleg heilsa

Geta barna til að takast á við tilfinningalegar áskoranir, taka ákvarðanir og **viðhalda vináttu** er mikilvægt í skólaumhverfinu.

Samhæfing og jafnvægi

Börn nota jafnvægi og samhæfingu til að sitja upprétt, skipta um stöðu, stunda íþróttir og leiki og margt fl.

Munnvöðvar

Börn nota munnvöðvana til að tala, sjúga, kyngja, tyggja og koma í veg fyrir að slefa.

Fínhreyfifærni

börn nota fínhreyfingar handa til að handfjatla áhöld og verkfæri sem þarf til að læra að skrifa, lita, klippa og margt fl.

Sjálfstjórn

Sjálfstjórn er nauðsynleg til að stjórna hegðun, athygli og tilfinningum til að taka þátt í verkefnavinnu og **leik með jafnöldrum** í skólanum.

Styrkur

Börn nota styrk við að nota áhöld og verkfæri í kennslustofunni, opna hurðir, flytja bækur og margt fl. Börn nota styrk til að halda stöðugleika á öxl og úlnlið til að geta skrifað.

Grófhreyfifærni

Börn nota grófa hreyfifærni til að sitja upprétt, ganga, hoppa, sparka, grípa, kasta og margt fl. Grófhreyfifærni er grunnurinn að því að þróa nýja færni.

Hreyfigeta

Börn þurfa að nota ýmsar hreyfingar til að ná í og ganga frá bókum, öðrum kennslugögnum og áhöldum. Binda skó, stunda íþróttir, leiki og margt fl.

Sjónræn úrvinnsla

Börn nota mismunandi sjónræna úrvinnslu til að skrifa upp eftir töflu, grípa, fylgja línunum í stílabók, lesa á skilti, stofunúmer, fjársjóðskort, fylgjast með texta, staðsetningu stafa, speglun, bil milli stafa, þekkja form, liti og tákni, bókstafi, tölustafi, sjá hvort orð sé vitlaust stafað, þekkja í sjón að t.d. $2+2 = 4$

Skynúrvinnsla

Börn nota skynúrvinnslu til að aðlagast umhverfi. Notkun hluta sem draga úr eða örva áreiti geta hjálpað börnum að minnka eða auka áhrif áreita og bætt athygli.



